

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 1. september 2023  
UST202308-160/A.B.  
10.05.03

## **Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Grjótvarnargarður - Bílastæði við Námskvísl í Landmannalaugum - Rangárþingi ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdarleyfi fyrir bílastæði við Námskvísl í Landmannalaugum.

Í greinargerð kemur fram að í þessari umsókn er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir hluta heildarframkvæmdarinnar sem kynnt er í umhverfismatskýrslu, þ.e. uppbyggingu grjótvarnargarðs vegna bílastæðis við Námskvísl.

Auk þess kemur fram að alls er gert ráð fyrir að um 6500 m<sup>3</sup> af efni þurfi í grjótvarnargarð við Námskvísl þar af um helmingur stórgrýti. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvert áætlað magn verði sótt í áraurur.

Gert er ráð fyrir að stórgrýti í rofvörn verði sótt í núverandi námur í nágrenninu utan Friðlandsins en fyllingarefni verði úr aurum Jökulgilskvíslar.

### **Framkvæmdin**

Verkefnið er líklegt til að hafa neikvæð, staðbundin áhrif á náttúrufar svæðisins, enda verður grjótgarður reistur út í áreyrar við mót Námskvíslar og Jökulgilskvíslar til að stækka bílastæði töluvert umfram það sem nú er. Verkefnið er þó talið jákvætt fyrir verndargildi svæðisins þar sem nauðsynlegt er að styrkja innviði þess sökum álags á úr sér gengnum innviðum.

Umhverfisstofnun telur að verkefnið er að vissu leyti óafturkræft, en þó verður hægt að moka stæðinu í burtu seinna meir og áreyrarnar myndu endurheimta landið.

Eins og kemur fram í erindinu verður fyllingarefni í varnargarðinn sótt í áreyra Jökulgilskvíslar. Sú efnistaka mun valda tímabundnu raski, en líklegt er að áhrif efnistökkunnar hverfi tiltölulega fljótt ef vel er af staðið sökum staðsetningar námu á miðjum áreyrum. Áður hefur verið sótt efni á þetta sama svæði og svæðið jafnað sig tiltölulega hratt.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilja skal við efnistökusvæði þannig að svæðið verði jafnað út og öll ummerki efnistökkunnar afmáð, ekki skulu skildir eftir hólar eða pyttir. Kanna á hvort ekki fari best á því aðýta upp efninu því þannig er unnt að hafa góða stjórn á því hversu djúpt er farið því reynslan hefur sýnt að ummerki um efnistöku á áreyrum hverfa fljótt ef efni er tekið grunnt og leysingaflóð látin um að ganga endanlega frá

efnistökusvæðinu. Auk þess er mikilvægt að ummerki vinnutækja utan vega skulu afmáð ef þau sjást, þá sérstaklega á þeim stöðum þar sem farið er af vegum.

### **Bílastæði**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilja við framkvæmdasvæðið svo snyrtilega sé gengið frá grjótgarðinum. Tryggja verði að hægt sé að leggja á núverandi bílastæði á meðan framkvæmd er í gangi.

### **Áhrif á gesti**

Að mati Umhverfisstofnunar eru líkur á að gestir verða fyrir truflun, m.a. vegna umferðar, rykmengunar og hávaða á meðan framkvæmdum stendur og því mikilvægt að halda allri truflun í lágmarki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**